

Tafla 2 Reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrám Evrópuríkja

Dökkblátt: ófrávíkjanlegar þjóðaratkvæðagreiðslur **Ljósblátt:** valkvæðar þjóðaratkvæðagreiðslur

Ríki	Efni	Bindandi/ráðgefandi	Lágmarkspátttaka atkvæðavægi
Austurríki	STS 44(3). Alger endurskoðun stjórnarskrár (<i>Gesamtänderung</i>) skilið sem breyting á grundvallarstjórnarháttum (s.s. lýðræðiskerfi, lýðveldi, réttarríki, sambandsríki, skipting ríkisvalds.)	Bindandi	Engar reglur um lágmarkspátttöku. Tillaga samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða (STS 45).
Austurríki	STS 43. Ef þingið ákveður eða meirihluti þingmanna krefst þess skal senda löggjöf sem fengið hefiur þinglega meðferð skv. STS 42 í þjóðaratkvæðagreiðslu, áður en forseti skrifar upp á löggin (neðri deildin <i>Nationalrat</i> (National Council) hefur ákvörðunarvald, en nánari reglur um lagasetningu (þ.e. synjunarvald efri deildarinnar <i>Bundesrat</i> (Federal Council))	Bindandi	Engin ákvæði um lágmarkspáttöku. Meirihluti greiddra atkvæða (STS 45)
Austurríki, frh.	STS 44(3). Breytingar á STS sem ekki fela í sér breytingar á grundvallarstjórnarháttum ef 1/3 hluti annarrar hvorrar deildar þingsins (National Council eða Federal Council) krefst þess.	Bindandi	Engin ákvæði um lágmarkspáttöku. Meirihluti greiddra atkvæða (STS 45)
Austurríki, frh.	STS 46. Álitsumleitan. Forseti getur ákveðið álitsumleitan	Ráðgefandi	
Austurríki, frh.	STS60(6): Neðri deild þingsins getur ákveðið að sækja forseta til ábyrgðar. Krafist er að helmingur þingmanna sé viðstaddur og 2/3 meirihluta. Þá er kallað til þjóðaratkvæðagreiðslu, ef sérstakt stjórnvald (Federal Assembly) krefst.	Bindandi. Ef hafnað skal þing rofið.	Ekki tekið fram sérstaklega

Ríki	Efni	Bindandi/ráðgefandi	Lágmarkspátttaka atkvæðavægi
Belgía	ENGAR REGLUR UM ÞJÓÐARATKVÆÐA-GREIÐSLUR Í STS		
Bretland	ENGAR REGLUR UM ÞJÓÐARATKVÆÐA-GREIÐSLUR Í STS/ EKKI SKRÁÐ STS. Setja þarf sérlög í hvert skipti, sem nánar útfæra almenna löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur		
Búlgaría	Lög um þjóðaratkvæðagreiðslur (frá 1996, br. 1999) , 6 gr. Með heimild í STS 84, sem veitir þinginu heimild til að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu mæla lög fyrir um að ¼ þingmanna (240 í allt), ráðherraráð eða forseti lýðveldisins geti kallað til þjóðaratkvæðagreiðslu	Stundum bindandi, eftir nánari ákvörðun <i>Ekki má halda þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á STS, fjárlög og skatta. Málefni sem falla undir verksvið dómstóla</i> (STS 117 og 1499 (Auer, 15).	Engin ákvæði um lágmarkspáttöku í STS (50% lágmarkspátttaka Jungar, 49).
Danmörk	STS 88: Breytingar á stjórnarskrá. Eftir að tillögur um breytingar hafa verið samþykktar af þinginu er nýtt þing kjörið – ef breytingarnar eru samþykktar skulu löginn fara í þjóðaratkvæðagreiðslu.	Bindandi	Atkvæðavægi: Stuðningur: a.m.k. 40% kosningabærra manna og meirihluti greiddra atkvæða (STS 88).
Danmörk, frh.	STS 29(2). Breyta má kosningaaldri með almennum lögum en þjóðhöfðingi getur ekki staðfest löginn nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.	Bindandi	Atkvæðavægi:Tillaga felld ef meirihluti greiddra atkvæða og jafnframt atkvæði 30% kosningabærra manna greidd gegn tillögunni.
Danmörk, frh.	STS 42. 1/3 hluti þingmanna getur vísað lögum til þjóðaratkvæðagreiðslu, eftir að þau eru samþykkt en áður en þau eru undirrituð af þjóðhöfðingja. Þingmenn þurfa að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu innan þriggja virkra	Bindandi <i>Ákveðin lög eru undanþegin, s.s (sem dæmi) fjárlög, lög sem samþykkja lán ríkisins, lög um laun</i>	Atkvæðavægi:Tillaga felld ef meirihluti greiddra atkvæða og jafnframt atkvæði 30% kosningabærra manna greidd gegn tillögunni.

	daga og þjóðaratkvæðagreiðsla að fara fram á tímabilinu milli 12 og 18 virka daga eftir að forsætisráðherra hefur tilkynnt um hana. (Sérreglur gilda ef þjóðhöfðingi undirritar lög um leið og þau eru samþykkt, en lögin gera ráð fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðsla megi fara fram (STS 42(7)).	<i>opinberra starfsmanna, lög um lífeyris-réttindi, lög um ríkisborgararétt, eignarnám, beina og óbeina skatta og lög um innleiðingu þjóðaréttar-samninga sem þegar eru í gildi.</i>	
Eistland	Breytingar á stjórnarskrá, Ítarlegar reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu í STS XV kafla (um breytingar á stjórnarskrá). STS 162 mælir fyrir um að ákvæði I kafla (um stjórnskipun, yferráðasvæði, vald, nýtingu auðlinda, fána og tungumál) skuli aðeins breytt með þjóðaratkvæðagreiðslu og eins ákvæðum XV kafla um breytingar á stjórnarskránni.	Bindandi STS 105(3) og lög um þjóðaratkvæði (Referendum Act, am. 2004), 4.	Engin ákvæði um lágmarkspáttöku í STS.
Eistland, frh.	STS 105 Þingið (Riigikogu) getur ákveðið að vísa frumvarpi, eða málefni, til þjóðaratkvæðis.	Bindandi Ákveðin málefni eru undanþegin, s.s <i>Fjárlög, skatta, fjárhagslegar skuldbindingar ríkisins, fullgilding og uppsögn þjóðréttarlegra samninga, lög um neyðarástand og varnarmál.</i>	Engar reglur um lágmarkspáttöku í STS. Stuðningur: meirihluti greiddra atkvæða STS 105 (Ef ekki samþykkt skal forseti kalla til þingkosninga STS 105(3)).
Eistland, frh.	STS 164. 3/5 meirihluti þingsins getur ákveðið að stjórnarskrárbreyting skuli fara í þjóðaratkvæðagreiðslu (sem halda skal eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá ákvörðun þingsins).	Bindandi	Meirihluti greiddra atkvæða (Referendum Act 105) (Kortmann III-13).

Ríki	Efni	Bindandi/ráðgefandi	Lágmarkspátttaka atkvæðavægi
Finland	Skv. STS 53 skal ákveða að halda þjóðaratkvæðagreiðslu með lögum	Ráðgefandi	Engar reglur um lágmarkspátttöku.
Frakkland	STS 11. Samþykkt frumvarp um skipun stjórnarsýslunnar, félagslega, efnahagslega stefnumótun eða stefnumótun í umhverfismálum, eða lög um staðfestingu alþjóðasamnings. Forseti vísar máli í þjóðaratkvæðagreiðslu að tillögu ríkisstjórnarinnar eða að tillögu beggja þingdeilda sameiginlega (STS 11(1))	Bindandi	Engar reglur um lágmarkspátttöku
Frakkland, frh.	Sömu málefni og greinir í STS 11(1), ef 1/5 hluti þingmanna, sem njóta í því efni stuðnings 1/10 kjósenda. Ekki má fara fram á afnám laga sem hafa verið í gildi skemur en í eitt ár. Ef þing tekur ekki afstöðu skal frumvarpið fara í þjóðaratkvæðagreiðslu (STS 11).	Bindandi	Engar reglur um lágmarkspátttöku
Frakkland, frh.	Frumvarp til fullgildingar samnings sem varðar aðild nýs ríkis í ESB, nema ef samhljóða tillaga er samþykkt í báðum deildum með 3/5 meirihluta í hvorri deild (STS 88-5).	Bindandi	Engar reglur um lágmarkspátttöku.
Grikkland	STS 44(2) mælir fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg mál. Ríkisstjórn hefur frumkvæðisrétt, þing þarf að samþykkja með meirihluta (allra)þingmanna og þá staðfestir forseti að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Einnig er mælt fyrir um að lög sem mæla fyrir um mikilvæg félagsleg málefni (þó ekki um fjármál ríkisins) fari í þjóðaratkvæðagreiðslu ef	Bindandi (Jungar)	Engar reglur um lágmarkspátttöku eða atkvæðavægi

	<p>3/5 (allra) þingmanna er fylgjandi tillögu þar um sem 2/5 (allra) þingmanna hefur borið upp. Ef svo er staðfestir forseti að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram.</p> <p>Ekki er gert ráð fyrir að Forseti hafi sjálfstætt ákvörðunarvald, eða synjunarvald.</p>		
Holland	<p>ENGIN ÁKVÆÐI Í STS Valkvæðar þjóðaratkvæðagreiðslur sem fara eftir sérstökum lögum sem sett eru í hvert sinn.</p>	Ráðgefandi	Engar reglur í STS um lágmarkspátttöku eða lágmarksatkvæðamagn.
Írland	<p>Allar stjórnarskrárbreytingar skulu fara í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. STS 46(2). Frumvarpið skal bera með sér að það feli í sér breytingar á STS og má ekki innihalda önnur atriði.</p>	Bindandi	Engin ákvæði um lágmarkspátttöku. Meirihluti greiddra atkvæða (STS 47(1))
Írland, frh.	<p>STS 27. Meirihluti fulltrúa í efri deild (<i>Seanad</i>) og 1/3 hluti þingmanna neðri deildar (<i>Dáil</i>) geta í sameiningu óskað eftir því við forseta að hann neiti því að skrifa undir lög, innan 4 daga frá því er löggin eru samþykkt – á þeim grundvelli að um svo mikilvægt mál sé að ræða að bera eigi löggin undir þjóðaratkvæði. Forseti hefur 10 daga til að taka ákvörðun, og ráðgast við sérstaka ráðgjafarsamkomu (Council of state). Ef forseti samþykkir er annað hvort haldin þjóðaratkvæðagreiðsla eða þing er rofið og kosið á ný (<i>Dáil</i>).</p>	<p>Bindandi</p> <p><i>Þessi tegund þjóðaratkvæða-greiðslu hefur aldrei farið fram (Prakke 438.)</i></p>	Atkvæðavægi: Synjað með meirihluta greiddra atkvæða sem einnig eru atkvæði a.m.k. 1/3 hluta kosningabærra manna (33.3%) STS 47(2).
Ísland	<p>STS 79(2) breytingar á kirkjuskipan.</p>	Bindandi	Engin ákvæði í stjórnarskrá um lágmarkspátttöku eða atkvæðavægi eða í Lögum 91/2010, 11. gr.: meirihluti greiddra atkvæða ræður niðurstöðu

Ríki	Efni	Bindandi/ráðgefandi	Lágmarkspátttaka Atkvæðavægi
Ísland, frh.	STS 11. Ákvörðun ¾ hluta þingmanna um að leysa forseta frá störfum.	Bindandi	Sama
Ísland, frh.	STS 26. Ef forseti synjar lögum staðfestingar skal boða til þjóðaratkvæðagreiðslu.	Bindandi	Sama
Ítalía	STS 75. Ef 500.000 kjósendur eða 5 svæðisbundin stjórnvöld (regional councils) krefjast má halda þjóðaratkvæðagreiðslu til að fella úr gildi, að hluta eða öllu leyti, lög sem eru í gildi. Forseti kallar til þjóðaratkvæðagreiðslu, skv. STS 87	Bindandi . Engir tímafrestir. <i>Ekki má halda þjóðaratkvæða-greiðslu um þjóðréttarlega samninga, skatta- eða fjárlög eða lög um náðun og sakaruppgjöf (STS 75(2)).</i>	Lágmarkspátttaka: Meirihluti kosningabærra manna. Meirihluti gildra atvæða ræður niðurstöðu.
Ítalía, frh.	STS 138. Breytingar á STS – samþykktar í báðum deildum þingsins (óbreytt), með algjörum meirihluta í seinni af tveimur umræðum. Ef, innan mánaðar frá birtingu, 1/5 þingmanna annarrar hvorrar deildar, 500.000 kjósendur eða 5 svæðisbundin stjórnvöld (<i>regional councils</i>) krefjast skulu breytingarlögin send í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef báðar deildir þingsins hafa samþykkt frumvarpið með 2/3 þingmanna, skal ekki halda þjóðaratkvæðagreiðslu	Sömu reglur eiga við um framkvæmd, þ.e. sent til stjórnлага-dómstólsins skv. lögum um þjóðaratkvæða-greiðslur.	Ekki kröfur um lágmarkspátttöku. Samþykki meirihluta gildra atkvæða ræður niðurstöðu.
Kýpur	ENGAR REGLUR Í STS. Reglur í almennum lögum.		
Lettland	STS 77, ef þingið samþykkir breytingar á upphafsákvæðum STS (1-4 og 6-7) sem fjalla um grundvallarstjórnarhætti, landsvæði og tungumál	Bindandi	STS 79 Til að breyting á stjórnarskrá sé samþykkt þarf 50% af kosningabærum mönnum að styðja frumvarpið

Letland, frh.	STS 68 Aðild að ESB skal ákveðin með þjóðaratkvæðagreiðslu sem þingið hefur frumkvæði að	Bindandi	STS 79, 50% þátttaka og meirihluti greiddra atkvæða
Letland, frh.	STS 68 Ef efnislegar breytingar verða á aðild að ESB, þjóðaratkvæðagreiðsla haldin ef 50% þingmanna ákveða	Bindandi	STS 79, 50% þátttaka (m.v. kosningabæra menn í síðustu þingkosningum) og meirihluti greiddra atkvæða
Letland, frh.	STS 48 Ef þing er leyst upp af forseta skal haldin þjóðaratkvæðagreiðsla	Bindandi	Ekki reglur um lágmarkspáttöku. Ef meirihluti greiddra atkvæða fylgjandi, þing leyst upp og kosningar boðaðar; enginn þátttökuþröskull. Ef meirihluti greiddra atkvæða gegn – forseta er vikið úr embætti.
Letland, frh.	Ef þjóðarfrumkvæði um breytingar á stjórnarskrá skv. 78 STS kemur fram og þingið samþykkir tillöguna ekki óbreytta, skal halda þjóðaratkvæðagreiðslu	Bindandi	Sama og um breytingar á STS almennt, þ.e. krafa um stuðning 50% kjósenda (STS 79).
Litháen	STS 148. Breytingar á stjórnarskrá sem breyta stjórnarformi (1. gr.) verða að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu	Bindandi	Atkvæðavægi: 75% kjósenda verða að samþykkja breytinguna
Litháen, frh.	STS 148. Breytingar á I og XIV kafla STS skulu ákveðnar í þjóðaratkvæðagreiðslu (þ.m.t. fullgilding alþjóðlegra samninga og framsal valds til alþjóðastofnana)	Bindandi	Ekki reglur um lágmarkspáttöku eða atkvæðavægi í STS. 50% lágmarkspátttaka (Jungar, 48).
Litháen, frh.	STS 9. Mikilvæg málefni sem varða þjóðina skulu ákveðin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þingið kallar til þjóðaratkvæða-greiðslu um mál sem mælt er fyrir um í lögum. Fyrirmæli í almennum lögum um tilkynningu um og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.	Bindandi	Engin ákvæði í STS um lágmarkspáttöku eða atkvæðavægi. 50% lágmarkspátttaka (Jungar, 48).
Litháen, frh.	STS 9(3). Ef 300.000 kjósendur fara fram á að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram skal boða til hennar	Bindandi	Ekki reglur um lágmarkspáttöku eða atkvæðavægi í STS 50% lágmarkspátttaka (Jungar, 48).

Ríki	Efni	Bindandi/ráðgefandi	Lágmarkspátttaka atkvæðavægi
Lúxemborg	STS 51. Halda má þjóðaratkvæðagreiðslu til að fá fram skoðun fólks, skv. nánari reglum í lögum. Löggjafi hefur frumkvæði	Ráðgefandi	
Malta	Stjórnarskrárbreytingar (um tiltekin atriði um breytingu stjórnarskrárinnar sjálfar sem og 5 ára kjörtímabil þingmanna) (STS 66(3)).	Bindandi	Lágmarkspátttaka 50% (Jungar, 48).
Malta, frh.	Ákvæði um valkvæða þjóðaratkvæðagreiðslu í 3. gr. laga um þjóðaratkvæðagreiðslur (the Referenda Act).	Ráðgefandi	
Noregur	ENGIN ÁKVÆÐI Í STS. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru ákveðnar með lögum	Ráðgefandi	
Pólland	STS 235 – þegar um er að ræða breytingar á grundvallarstjórnarháttum, þ.e. köflum I, II og XII STS, geta 1/3 hluta þingmanna neðri deildar, efri deild (<i>Senate</i>) eða forsetinn krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, innan 45 daga frá samþykki frumvarpsins í efri deild.	Bindandi	Ekki reglur um lágmarkspátttöku. Meiri hluti greiddra atkvæða ræður niðurstöðu (STS 235(6)).
Pólland, frh.	STS 125. Mikilvægum málefnum má skjóta til þjóðaratkvæðis. Þingið hefur frumkvæðisrétt, meirihluti þingmanna (og a.m.k. helmingur þingmanna), eða forseti, með samþykki efri deildar (<i>Senate</i>), samþykki efri deildar þarf einnig að vera meirihlutasamþykki og helmingur þingmanna viðstaddur.	Bindandi ef meira en helmingur kosningabærra manna tekur þátt. Engin lagaleg skilgreining á „mikilvægum málefnum“ (Auer, 132).	Lágmarkspátttaka: 50% kosningabærra manna – þá er niðurstaðan bindandi (STS 125(3)). Meirihluti greiddra atkvæða ræður niðurstöðu.
Pólland, frh.	STS 90(3). Vísa má lögum um fullgildingu	Bindandi ef meira en 50%	Lágmarkspátttaka: 50% kosningabærra

	alþjóðasamninga sem framselja tiltekið vald til alþjóðastofnana til þjóðaratkvæðis skv. 125. gr.	þátttaka.	mannna – þá er niðurstaðan bindandi (STS 125(3)). Meirihluti greiddra atkvæða ræður niðurstöðu
Pólland, frh.	STS 63 – ef 500.000 þegnar krefjast og þingið samþykkir. Ekki má halda slíka þjóðaratkvæðagreiðslu um uppgjöf saka, varnarmál, eða fjármál ríkisins (Auer, 134).	Sama (almennar reglur)	Sama (almennar reglur)
Portúgal	STS 115 og lög um þjóðaratkvæðagreiðslur frá 1998. Þing eða ríkisstjórn leggur til við forseta að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um málefni sem falla undir valdsvið þeirra. Þjóðarfrukvæði (STS 115(2)).	Frekari reglur í sérstökum lögum. Þjóðaratkvæða-greiðsla er bindandi, ef meirihluti kjósenda tekur þátt í atkvæðagreiðslunni. <i>Nokkuð víðtækar takmarkanir, þ.m.t. að ekki má halda þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni, fjárlög, skatta- og önnur fjárhagsmálefni; önnur mikilvæg stjórnskipuleg atriði (STS 161),– þó er heimilt að leggja í þjóðaratkvæði alþjóðlega samninga, sérstaklega varðandi þáttöku í alþjóðastofnunum (STS 115(5) sbr STS 161i)</i>	Lágmarkspátttaka a.m.k. 50% kjósenda – þá er niðurstaðan bindandi (STS 115(11)).
Rúmenía	STS 151. Breytingar á stjórnarskránni. Ef tillaga til breytinga á STS er samþykkt með atkvæðum a.m.k. 2/3 hluta hvorrar þingdeildar fer tillagan í þjóðaratkvæðagreiðslu.	Bindandi	Ekki ákvæði um lágmarkspáttöku eða atkvæðavægi í STS (50% lágmarkspátttaka, Jungar, 48).

Ríki	Efni	Bindandi/ráðgefandi	Lágmarkspátttaka atkvæðavægi
Rúmenía, frh.	STS 95. Ef forseta er vikið frá af gildum ástæðum að tillögu 1/3 hluta þingmanna með meirihlutaákvörðun þingsins (þar sem báðar deildir taka þátt í ákvarðanatöku) fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla	Bindandi	Ekki ákvæði um lágmarkspátttöku eða atkvæðavægi í STS (50% lágmarkspátttaka, Jungar, 48)
Rúmenía, frh.	STS 90. Forseti getur ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál, eftir að hafa ráðfært sig við þingið. Forseti hefur ákvörðunarvald um atriði sem borin eru undir þjóðaratkvæðagreiðslu	Bindandi	Engar reglur um lágmarkspátttöku í STS. 50% lágmarkspátttaka (Jungar, 48).
Slóvenía	Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í STS 3a heimilar þjóðaratkvæðagreiðslur um framsal fullveldis. Kalla skal til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en þjóðaréttarsamningur skv. greininni (ESB) er fullgiltur. Ef það er gert er ekki hægt að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjöf um fullgildingu samningsins.	Bindandi Þingið boðar til þjóðaratkvæða-greiðslu	Meirihluti gildra atkvæða ræður niðurstöðu
Slóvenía, frh.	Halda má þjóðaratkvæðagreiðslu um hvert það málefni sem ráða má með lögum - STS 90. STS 90(2). Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. greininni ófrávíkjanleg ef þess er krafist af 1/3 þingmanna, (national council) eða 40.000 kjósendum	Þing kallar til þjóðaratkvæðagreiðslu að eigin frumkvæði, og verður að gera svo ef 1/3 hluti þingmanna krefst, eða önnur deild þingsins (National Council) eða 40.000 kjósendur. Bindandi	Meirihluti greiddra atkvæða (STS 90(1)).
Slóvenía, frh.	Halda skal þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá ef 30 fulltrúar þingsins krefjast (STS 170) (þ.e. 1/3 hluti þingmanna).	Bindandi	Meirihluti greiddra atkvæða og 50% lágmarkspátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslunni (STS 170).
Slóvakía	Kalla skal til þjóðaratkvæðagreiðslu til að staðfesta stjórnskipunarlæg sem mæla fyrir um	Bindandi	Lágmarkspátttaka 50%. Meira en helmingur þeirra sem kjósa greiða

	aðild að sambandi með öðrum ríkjum, eða uppsögn slíks sambands (STS 93(1)).		atkvæði með (STS 98(1))
Slóvakía, frh.	STS 93(2) Halda má þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg málefni sem varða almannahagsmuni. Engin viðurkennd skilgreining á hvaða málefni eru mikilvæg í þessum skilningi (Auer, 172).	Bindandi en þing (<i>national council</i>) hefur heimild til að breyta eða ógilda niðurstöðu þjóðaratkvæða-greiðslu með stjórnskipunarlægum eftir að þrjú ár eru liðin frá því að niðurstaðan gekk í gildi (STS 99). <i>Ekki má halda þjóðaratkvæðagreiðslu um grundvallar-mannréttindi skatta, gjöld og fjárlög (STS 93(3)).</i>	Lágmarksþátttaka: meirihluti kjósenda taki þátt, STS 98. Meirihluti greiddra atkvæða til að samþykkja.
Slóvakía, frh.	STS 95: Kalla má til þjóðaratkvæðagreiðslu ef 350.000 þegnar krefjast eða Þingið (<i>National Council</i>) ályktar; frumkvæði að því getur legið hjá þingmönnum eða ríkisstjórn (STS 96)		Sama
Spánn	STS168. Alger stjórnarskrárbreyting eða breyting á ákv 1-9, 15-29 og 56-65 . 2/3 meirihluti í báðum deildum þingsins og þing er leyst upp. Nýtt þing verður að samþykkja með 2/3 meirihluta þingmanna í báðum deildum; síðan ferð tillagan í þjóðaratkvæðagreiðslu.	Bindandi	Lágmarksþátttaka 50% (Jungar, 48).
Spánn, frh.	STS 92 mælir fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg pólitísk málefni en tekur ekki til löggjafar. Konungur hefur frumkvæðisvald, eftir tillögu ríkisstjórnar og eftir að neðri deild þingsins (<i>Congress</i>) hefur samþykkt . Nánar	Ráðgefandi	Ekki ákvæði í STS um lágmarksþátttöku.

	mælt fyrir um framkvæmd í sérstakri löggjöf .		
Ríki	Efni	Bindandi/ráðgefandi	Lágmarkspátttaka atkvæðavægi
Spánn, frh.	STS 167, Stjórnarskrárbreytingar sem ekki fara sjálfkrafa í þjóðaratkvæði (STS 168) geta farið í þjóðaratkvæðagreiðslu ef reglum 167 er fylgt þ.e. ef breytingatillaga er samþykkt 1) með 3/5 hluta þingmanna hvorrar deildar, eða 2) meirihluta þingmanna efri deildar og 2/3 hluta atkvæða neðri deildar. Eftir það getur farið fram þjóðaratkvæða-greiðsla um breytingarnar, ef 1/10 hluti þingmanna annarrar hvorrar deildar óskar þess, innan 15 daga frá samþykki	Bindandi	Ekki ákvæði í STS um lágmarkspátttöku
Sviss	STS 140. Breyting á STS, bæði alger og að hluta; aðild að alþjóðastofnunum og ný stjórnskipunarlög, sem ekki eiga stoð í stjórnarskrá.	Bindandi Krafist er meirihlutafylgis (STS 142(1)) og meirihluti svæðisbundinna eininga (<i>cantons</i>) verður einnig að styðja tillögunu.	Ekki ákvæði um lágmarkspátttöku eða atkvæðavægi
Sviss, frh.	STS 140(2) Tillögur almennings um algera stjórnarskrárbreytingu eða breytingar aðhluta, eða hvort breyta á stjórnarskránni þó að þingið sé ekki á einu máli. Krafist er 100.000 undirskrifta kjósenda (um 2%) innan 18 mánaða (STS 138-139)	Sama, nema ekki er krafist meirihlutafylgis svæðisbundinna eininga.	Sama
Sviss, frh.	STS 141. Ef 50.000 kjósendur (1%) eða átta sveitarstjórnir (<i>cantons</i>) fara fram á það má halda þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sambandsríkisins, mikilvæg lög ekki eru tímabundin, aðrar ákvarðanir í samræmi við frekari ákvæði í STS og alþjóðasamninga eftir nánari fyrirætlum.	Bindandi	Ekki reglur um lágmarkspátttöku. Meirihluti atkvæða
Svíþjóð	Reglur 8 . kafla, 15. gr. eru valkvæðar og taka	Bindandi:	Tillögunni hafnað ef meirihluti kys

	til breytinga á STS. 1/10 allra þingmanna getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, sem síðan verður að vera studd af 1/3 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðsluna á að halda á sama tíma og þingkosningar og val er um að kjósa með eða móti.		gegn svo framarlega sem meirihlutinn er einnig meiri en helmingur gildra atkvæða í þingkosningunum. Ef svo er ekki tekur þingið ákvörðun í málinu í seinni umferð (Prakke, 808).
Svíþjóð, frh.	Reglur 8. Kafla, 4. gr. Almennt ákvæði um að þjóðaratkvæðagreiðslur skuli ákveðnar með lögum	Ráðgefandi	
Tékkland	STS 2 eina ákvæðið um beina ákvarðanatöku ; STS 2(2) mæla skal fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslur með lögum	Bindandi	Engin ákvæði í STS um lágmarksþátttöku
Tékkland, frh.	Sérstök stjórnskipunarlög mæltu fyrir um ófrávíkjanlega þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að ESB		
Ungverjaland	STS 28/B – málefnum sem falla innan valdsviðs þingsins má skjóta til þjóðaratkvæðagreiðslu. Almennt ákvæði í STS 28/C og í 28/C (4) ákvæði um að forseti, ríkisstjórn, 1/3 þingmanna eða 100.000 kjósendur geti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu og þingið ákveður hvort af henni verður.	Getur verið bindandi eða ráðgefandi <i>Ýmis málefni undanskilin skv. STS 28/C(5), s.s. fjárlög, skattar og gjöld, alþjóða-samningar sem eru þegar í gildi, ákvæði STS um þjóðaratkvæða-greiðslur og þjóðarrumkvæði, um stofnanir og fyrirtæki, um að leysa upp þingið, um stefnumál ríkisstjórnarinnar um öryggis- og varnarmál, og uppgjöf saka.</i>	Lágmarksþátttaka: eingöngu ef um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu er að ræða (STS 28/C(6)). A.m.k. helmingur gildra atkvæða, þó aldrei minna en 25% kosningabærra manna svarar með sama hætti.
Þýskaland	ENGAR REGLUR UM ÞJÓÐARATKVÆÐA-GREIÐSLUR Í STS		